

# Dyrhólaey, friðland

## Aðgerðaáætlun 2020 - 2022

Aðgerðaáætlun þessi er forgangsroðun þeirra aðgerða sem brýnast er að fara í svo að verndargildi Dyrhólaeyjar haldist. Einnig eru aðgerðir þessar til að viðhalda og bæta upplifun og öryggi gesta svæðisins. Aðgerðirnar styðja við leiðarljós stjórnunar- og verndaráætlun um framtíðarsýn friðlandsins. Neðan greindar aðgerðir eru annars vegar aðgerðir næstu þrjú árin, m.a. í samræmi við verkefnaáætlun [Landsáætlunar um uppbyggingu innviða](#) (Landsáætlun) og hins vegar önnur verkefni sem geta verið reglubundnar aðgerðir eða sértækar sem stefnt er að skv. stjórnunar- og verndaráætlun. Áætlunin er uppfærð árlega í samræmi við úthlutun úr Landsáætlun. Umhverfisstofnun er ábyrgðaraðili aðgerðanna. Margar af eftirfarandi aðgerðum eru komnar í ferli við útgáfu áætlunarinnar.

### 2020

- ✓ Lokið verði við frágang bílastæðis og umhverfis snyrtihúss á Lágey.
- ✓ Vinna við deiliskipulag fyrir Háey hefst.
- ✓ Upplýsinga- og fræðsluskilti sett upp.

### 2021

- ✓ Unnið að áframhaldandi uppbyggingu gönguleiða við Brestnef.
- ✓ Unnið að áföngum 1 og 2 í uppbyggingu göngustíga á milli Lágeyjar og Háeyjar.
- ✓ Auglýsing um friðlýsingu Dyrhólaeyjar verði endurskoðuð.

### 2022

- ✓ Umhverfisstofnun uppfæri öryggisáætlun friðlýstra svæða stofnunarinnar fyrir Dyrhólaey.

## Önnur verkefni, árleg eða reglubundin

### Aðgerðir

- ✓ Lagfærðar verði skemmdir vegna aksturs utan vega.
- ✓ Skipulögð verða verkefni sjálfbóðaliða.
- ✓ Reglubundið viðhald verði á göngustígum og merkingum og ummerkjum um aflagða stíga eytt. Umhverfisstofnun sjái um framkvæmd þess og fylgist með árangri verksins með myndatöku og skýrslugerð.
- ✓ Fylgst verði með ástandi innviða og gerðar ráðstafanir um úrbætur eftir því sem þörf er á.
- ✓ Reglur um notkun fjarstýrðra loftfara, s.s. flygilda, verði aðgengilegar í friðlandinu.
- ✓ Öryggis- og neyðarbúnaður verði yfirfarinn.
- ✓ Aðgerðaáætlun verði uppfærð.

### Lífríkið, regluleg vöktun og eftirlit

- ✓ Ástandsmat verði unnið fyrir áfangastaði ferðamanna og gönguleiðir.
- ✓ Vöktun verði á framgangi ágengra tegunda.
- ✓ Landvörður mun vakta stíga og mannvirki reglulega m.t.t. öryggismála og gera viðeigandi ráðstafanir hverju sinni. Öryggi ferðamanna verði sérstaklega vaktað í ljósi hrun- og hraphættu.

#### Samráðsfundir og upplýsingar

- ✓ Fundur ráðgjafarnefndar friðlandsins.
- ✓ Heimasíða um svæðið verði lagfærð á vef Umhverfisstofnunar.
- ✓ Upplýsingar um Dyrhólaey á heimasíðu Umhverfisstofnunar verði uppfærðar eftir þörfum.
- ✓ Niðurstöður rannsókna verði aðgengilegar á heimasíðu svæðisins á vef Umhverfisstofnunar.